

ESB

Þjóðaratkvæðagreiðsla

28. ágúst 2026



Maskína

Markmið og framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu**, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Einnig fyrir **lagskipt slembiúrtak úr Þjóðskrá**. Svör voru vegin samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar um kyn, aldur, búsetu og menntun þannig að þau endurspegla þjóðina prýðilega. Við vigtun svara getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram **28. ágúst 2026** og voru svaðendur **3.274** talsins.

Í könnunum Maskínu er þess gætt sérstaklega að úrtök endurspegli fjölbreytileika samfélagsins – svo sem kyn, aldursdreifingu, búsetu og menntunarstig. Upplýsingar um dreifingu svarenda eftir ólíkum hópum eru birtar með niðurstöðum hverju sinni svo fjölmiðlar og aðrir notendur geti lagt sjálfstætt mat á gæði mælinganna og hvaða viðhorf þær endurspegla.

Notkun á niðurstöðum úr þessari Maskínukönnun er heimil svo fremi sem vísað sé til heimilda og þess sé getið skýrt hver uppruni gagnanna er.

Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Reykjavík, 28. ágúst 2026.
Með þökk fyrir gott samstarf,

starfsfólk Maskínu


Efni skýrslunnar er háð höfundarrétti Maskínu. Öll opinber dreifing eða fjölritun er óheimil nema með skriflegu samþykki Maskínu. Maskína er aðili að ESOMAR.
Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskínu-rannsókna ehf.

Hvernig hyggstu ráðstafa atkvæði þínu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst næstkomandi þar sem spurt verður: Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?

	Fjöldi	%	
Já	1.523	50,4%	50,4%
Nei	1.500	49,6%	49,6%
Samtals	3.022	100,0%	0%100%
Veit ekki	170	5,2%	
Vil ekki svara	82	2,5%	
Heildarfjöldi	3.274	100,0%	

Allir	50,4%	49,6%
18-29 ára	44,0%	56,0%
30-39 ára	50,2%	49,8%
40-49 ára	55,8%	44,2%
50-59 ára	55,6%	44,4%
60-69 ára	51,4%	48,6%
70 ára og eldri	46,0%	54,0%

Hvernig hyggstu ráðstafa atkvæði þínu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst næstkomandi þar sem spurt verður: Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?



Fjöldatölur eru við hvern hóp. Aðeins er greint eftir bakgrunni fyrir þá hópa þar sem 5 eða fleiri svöruðu spurningunni.